



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 26. janúar 2017 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Ísland ljóstengt 2017

Fyrir fundinum lá A-Hluti umsóknar um styrk til ljósleiðaravæðingar 2017. Með umsókninni voru veittar upplýsingar um fyrirhugaða umsókn um styrk, hvaða eignir sé um að ræða og hverjir standi að umsókninni. Heildarkostnaður við ljósleiðaralagnir í dreifbýli er skv. umsókn um 4,2 milljónir króna. Málið var til kynningar og samþykkt að sækja um styrk til ljósleiðaravæðingar.

### 2. Reglur sveitarfélagsins um sérstakan húsnæðisstuðning

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Í reglunum er kveðið á um skilyrði fyrir greiðslu, fjárhæð og aðrar forsendur. Sérstakar húsnæðisbætur eru settar í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum.

Sveitarstjórn yfirfór reglurnar og samþykkti þær og fól sveitarstjóra að auglýsa þær í B-deild Stjórnartíðinda.

### 3. Umsóknir um rekstrarleyfi v/sölu gistingar

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni embættis Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsókn um rekstrarleyfi á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

#### a) Iðavellir, Skagaströnd

Umsækjandi: Slavko Velemir, kt. 010164-2069.

Gististaðurinn er í flokki II skv. 3. gr. laga nr. 85/2007. Tegund gististaðar: Íbúðir

Um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn:

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að orðið verði við umsókninni.

Umsögnin er bundin fyrirvara um að umsagnir heilbrigðiseftirlits, eldvarnaeftirlits, vinnueftirlits og byggingarfulltrúa séu jákvæðar.

#### b) Melstaðatún, Skagaströnd

Umsækjandi: Sæluhúsin ehf, kt. 480607-1200.

Gististaðurinn er í flokki II skv. 3. gr. laga nr. 85/2007. Tegund gististaðar: Sumarhús

Um er að ræða nýtt leyfi.

Umsögn:

Sveitarstjórn gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að orðið verði við umsókninni.

Umsögnin er bundin fyrirvara um að umsagnir heilbrigðiseftirlits, eldvarnaeftirlits, vinnueftirlits og byggingarfulltrúa séu jákvæðar. Sérstaklega er vísað til þess að



deiliskipulag svæðisins sé nú í vinnslu og því gerður fyrirvari vegna endanlegrar afgreiðslu þess.

#### 4. Samningur við Golfklúbb Skagastrandar

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við GS um árlegan stuðning sveitarfélagsins við klúbbinn. Samningurinn gildir til 31. desember 2019. Sveitarstjórn samþykkti samninginn

#### 5. Tillaga að aðgerðaáætlun um dekkjakurl

Fyrir fundinum lá tillaga að aðgerðaráætlun sem unnin var af starfshópi á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Umhverfisstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í henni er gert ráð fyrir eftirfarandi aðgerðaráætlun um að skipta kurluðu dekkjagúmmí út fyrir hætuminni efni á leik- og íþróttavöllum þar sem laust kurl kemst í beina snertingu við iðkendur.:

1. Fyrir árslok 2019 verði búið að skipta um efni á 60% allra leik- og íþróttavalla
2. Fyrir árslok 2022 verði búið að skipta um efni á 80% allra leik- og íþróttavalla
3. Fyrir árslok 2026 verði búið að skipta um efni á öllum leik- og íþróttavöllum.

Í áætluninni kemur fram að áætlaður kostnaður við að skipta úr gúmmí í hætuminni efni er um 6,2 milljónir króna.

Aðgerðaáætlunin var til kynningar.

#### 6. Lífeyrisskuldbinding hjúkrunarheimila

Samkomulag var gert 28. október sl. milli fjármálaráðherra annarsvegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila sem voru rekin á ábyrgð sveitarfélaga. Fyrir fundinum lá samantekt frá Talnakönnun þar sem tekin er saman lífeyrisskuldbinding vegna starfsmanna Sæborgar sem voru í B- deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og skráðir í sem skuldbinding Sveitarfélagsins Skagastrandar 31. desember 2015. Skuldbindingin nemur 7.755.890 kr.

Sveitarstjórn staðfesti umrædda lífeyrisskuldbindingu og að með yfirtöku ríkisins á henni verði fullnaðaruppgjör milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og sveitarfélagsins vegna lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimilisins Sæborgar.

Sveitarstjóra falið að undirrita yfirlýsingu varðandi stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar og staðfesta að um fullnaðaruppgjör sé að ræða vegna málsins.

#### 7. Tillaga um gatnagerðagjald

Svohljóðandi tillaga um gatnagerðagjald lá fyrir fundinum:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að auglýsa sérstaklega byggingarlóðir við þegar tilbúnar götur þannig að veittur verði afsláttur allra gatnagerðagjalda vegna bygginga á lóðunum. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að eftirfarandi ákvæði gildi um úthlutun allt að fjögurra íbúðarhúsaloða sem afslátturinn muni ná til:

- Lóðirnar sem um ræðir eru skilgreindar á meðfylgjandi lista.



- Umsóknir um lóðirnar skulu berast eigi síðar en 1. maí 2018 en umsóknir sem berast á umsóknarfresti verða afgreiddar af skipulags- og byggingarnefnd eftir því sem efni standa til og gildir röð umsókna um nýtingu fyrrgreinds afsláttar.
- Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að byggingarframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skuli hafa hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára, að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðagjalda

Lóðir sem falla undir framangreint ákvæði um afslátt eru:

- Bogabraut – ein lóð norðan götu nr: 25.
- Suðurvegur – þrjár lóðir austan götu nr: 5,7 og 11
- Sunnuvegur – tvær lóðir vestan götu nr: 10 og 12
- Ránarbraut – ein lóð norðan götu nr: 3 og fimm lóðir sunnan götu nr: 2, 4, 6, 8 og 10.
- Oddagata – ein lóð austan götu nr: 3.
- Hólanesvegur – ein lóð vestan götu nr: 6.
- Skagavegur – tvær lóðir austan götu, nr: 4 og parhúsalóð nr: 6-8.
- Bankastræti – ein lóð sunnan götu nr. 5.

Samtals eru í boði 17 lausar lóðir við þegar tilbúnar götur.

Sveitarstjórn ræddi tillöguna en samþykkti hana svo samhljóða.

## 8. Álagning fasteignagjalda

Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á afslætti fasteignagjalda efnalítilla elli- og örorkulífeyrisþega. Vegna breytinga sem orðið hafa á bótafjárhæðum og útreikningi lífeyrstrygginga leggur sveitarstjóri til að viðmiðanir verði samkvæmt ákveðinni krónutölu. Í grundvallaratriðum miðist tekjumörk við þau tekjumörk sem giltu 2016 framreiknuðum með launavísitölu. Eftirfarandi regla gildi um afslætti:

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:

- a) Einstaklingum með tekjur allt að 3.160.000 kr/ári
- b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 5.164.000 kr/ári

Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000,- hjá:

- c) Einstaklingum með tekjur allt að 3.950.000 kr/ári
- d) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 6.455.000 kr/ári

Tillagan var samþykkt

## 9. Bréf

- a. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. desember 2016

Með bréfinu er komið á framfæri bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um að hraðað verði vinnu við gerð húsnæðisáætlana sveitarfélaga.

Bréfið var til kynningar

- b. Hólaneskirkju dags. 12. desember 2016

Með bréfinu óskar sóknarprestur eftir styrk til barna og unglingastarfs kirkjunnar.

Samþykkt að styrkja starfið með 50 þús. kr. framlagi



## 10. Fundargerðir:

- a. Hafnar- og skipulagsnefndar, 14.12.2016

Sveitarstjórn tók sérstaklega til afgreiðslu eftirfarandi liði fundargerðarinnar:

1. Skipulagsmál

- a. Melstaðatún – deiliskipulag

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir tillögu að deiliskipulagi Melstaðatúns sem er sunnan Laufáss og vestan gamla Skagavegar. Tillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð dags. 14. desember 2016 og felur m.a. í sér skipulag fyrir fimm reiti fyrir gistihýsi, tjaldstæði og þjónustuhús. Samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillöguna skv. 25. gr. laga nr. 73 / 1997 m.s.br.

- b. Reitir fyrir stöðuhýsi

Í fundargerðinni er sveitarstjóra falið að vinna áfram að skilgreiningu og skipulagi vegna stöðuhýsa. Meðfylgjandi fundargerðinni var minnisblað sveitarstjóra um smáhýsi við tjaldstæðið. Sveitarstjórn ræddi bókun fundargerðar og minnisblaðið og samþykkti að afmarkaðir yrðu lóðarreitir fyrir smáhýsi við tjaldstæðið að Hólabraut 35 skv. yfirlitsmynd sem fylgdi minnisblaðinu.

- c. Lóðamörk til staðfestingar

Sveitarstjórn staðfesti ákvörðun sem fram kemur í bókun skipulagsnefndar um lóðamörk.

Fundargerð hafnar og skipulagsnefndar var að öðru leyti til kynningar.

- d. Stjórnar SSNV, 6.12.2016

Fundargerðin var til kynningar

- e. Þjónusturáðs um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra, 7.12.2017

Fundargerðin var til kynningar

- f. Aðalfundar Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna, 9.12.2016

Fundargerðin var til kynningar

- g. Skólanefndar FNV, 15.12.2016

Fundargerðin var til kynningar

- h. Stjórnar Róta bs, 19.12.2016

Fundargerðin var til kynningar

- i. Stjórnar Sambands ísl sveitarfélaga, 16.12.2016

Fundargerðin var til kynningar



## 11. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.20

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson